SKÝRSLA STJÓRNAR 2026

Landssambands hestamannafélaga

Landsþing 2026

Efnisyfirlit

Stjórn LH 3
Starfsmenn 3
Nefndir LH 4
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 4
Alþjóðasamstarf 5
Afreksmál 6
Youth Cup 2026 7
Reiðkennari ársins 2025 7
Reiðvega- og skipulagsmál 8
Skógarhólar 8
Mótahald og keppnismál 8
Landsmót hestamanna ehf. 9
Íslandsmót 9
Landsmót 2026 9
Sportfengur 10
Útbreiðslu- og kynningarmál 10
Styrkir sem standa hestamannafélögum til boða 10
Öryggismál 11
Starfshópur um hestaíþróttir fatlaðra 11
Agamál 11
Hagspor hestamennskunnar 12
Stefna LH 2026-2030 12
Framtíðarsýn Landsmóta 13
Lokaorð 13

Stjórn LH

Aðalstjórn LH 2024-2026

Formaður: Linda Björk Gunnlaugsdóttir

Varaformaður: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Gjaldkeri: Ólafur Gunnarsson

Ritari: Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Meðstjórnendur:
Sóley Margeirsdóttir
Ólafur Þórisson
Sveinn Heiðar Jóhannesson

Varastjórn LH 2024-2026

1. varam. Sigurbjörn Eiríksson
2. varam. Reynir Atli Jónsson
3. varam. Ragnhildur Gísladóttir
4. varam. Hilmar Guðmannsson
5. varam. Jón Þorberg Steindórsson

Frá landsþingi hafa verið haldnir 43 stjórnarfundir.



Starfsmenn

Starfsmenn skrifstofu LH voru tveir til þrír á árinu í samtals 1,8 til 2,1 stöðugildum

Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfshlutfalli,

Hinrik Sigurðsson móta- og afreksstjóri í 80% starfshlutfalli til 30. Apríl, og í 50% starfhlutfalli sem afreksstjóri frá 1. Maí.

Katla Gísldóttir hóf störf 1. Júní sem mótastjóri í 60% starfshlutfalli.

Þjálfarar LH á árinu voru þrír:

Ísólfur Líndal Þórisson A-landsliðsþjálfari, ráðinn í desember 2025

Sigvaldi Lárus Guðmundsson U21-landsliðsþjálfari, ráðinn í desember 2025

Sigvaldi Lárus Guðmundsson, yfirþjálfari hæfileikamótunar til 1. Maí 2026

Vigdís Matthíasdóttir var ráðin yfirþjálfari Hæfileikamótunar um miðjan september.

Nefndir LH

Í nefndum á vegum LH starfa hátt um 70 manns í sjálfboðastarfi. Fastanefndir LH eru 12 talsins, það eru


- Dómaranefnd
- Keppnisnefnd,
- Laganefnd
- Landsliðs- og afreksnefnd
- Mannvirkjanefnd
- Menntanefnd
- Reiðveganefnd
- Tölvunefnd
- Úrskurðar- og aganefnd
- Útbreiðslu- og nýliðunarnefnd
- Æskulýðsnefnd
- Öryggisnefnd

Skýrslur nefnda má finna á vef LH undir gögnum formannafundar.

Aðrar nefndir og starfshópar eru: *faghópur um gæðingalist, valnefnd, starfshópur um losun hrossataðs, starfshópur um skilgreiningu á hugtakinu gæðingur, starfshópur um framkvæmd Íslandsmóta og starfshópur um reglugerð um Fjórðungsmót*. Einnig á LH fulltrúa í *þverfaglegum starfshópi um hestahald og aðbúnað hrossa og í stjórn LM ehf. og Skógarhóla ehf.*

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands

Samstarf við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, er mikilvægur þáttur í starfsemi Landssambandsins. Stjórn leggur áherslu á virkt samtal og góða samvinnu um sameiginleg hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar.



Landssamband hestamannafélaga er fjórða stærsta sérsambandið með alls 13.943 skráða þátttakendur árið 2025.

Hafa skal í huga að þessi tölfræði nær einungis yfir þá hestamenn sem skráðir eru í hestamannafélög, en líklegt er að nokkur fjöldi fólks stundi hestamennsku að staðaldri án þess að vera með virka félagsaðild.

Konur eru um 57% iðkenda og karlar um 43% en fá sérsambönd geta státað af eins jöfnu kynjahlutfalli. 67% iðkenda er kominn á fullorðinsaldur og 33% er undir 18 ára.

Íþróttaþing ÍSÍ er haldið á tveggja ára fresti að vori til og formannafundur ÍSÍ er haldinn á hverju hausti.

Skrifstofa LH er í húsnæði ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Eins og önnur sérsambönd þiggur LH ýmiskonar styrki og framlög í gegnum ÍSÍ:

a. Lottótekjur

   Íslensk getspá hefur skilað eigendum sínum, íþróttahreyfingunni, hækkandi tekjum undanfarin ár. Tekjur LH vegna lottósölu á þessu ári er um 2.200.000 kr. á mánuði að meðaltali og greidd var aukaarðgreiðsla í lok sumars að fjárhæð um 3.500.000.

b. Ríkisstyrkur til reksturs skrifstofu

   ÍSÍ úthlutar sérsamböndum ríkisstyrk til reksturs skrifstofu. Styrkurinn hefur verið óbreyttur í fjölda ára og er að jafnaði um 3.500.000 kr.

c. Afrekssjóður

   Afrekssjóður úthlutar styrkjum í samræmi við afreksverkefni sem liggja fyrir hjá hverju sérsambandi.

   Við úthlutun styrkja hjá Afrekssjóði vegur þyngst þátttaka í stórum alþjóðlegum mótum, eins og Ólympíuleikum, HM og EM, ásamt umfangi afreksstarfsins hjá sérsamböndum. Afrekssjóður metur einnig sérsambönd eftir útbreiðslu íþróttarinnar og þannig fá íþróttir sem stundaðar eru í mörgum löndum og fjöldi þjóða tekur þátt á stórmótum meira vægi en aðrar. Þátttaka á stórmótum þar sem þátttakendur vinna sér inn þátttökurétt vegur þyngra en þátttaka í stórmótum þar sem öllum er frjáls þátttaka. Á árinu 2025 var framlag ríkisins til afrekssjóðs stóraukið og styrkir til sérsambanda jukust að sama skapi.

   Styrkur afrekssjóðs til LH er jafnan hærri á HM ári en NM ári vegna meira umfangs við Heimsmeistaramót, og fyrir árið 2026 er styrkurinn 15.402.506 kr.

Alþjóðasamstarf

Þátttaka í FEIF er mikilvæg fyrir íslenska hestamennsku og mikilvægt er að Ísland hafi þar sterka rödd. Sérstaklega þarf að vinna að framtíð gæðingakeppni innan FEIF til að tryggja áframhald hennar og nýta keppnisformið til að styðja við nýliðun.

FEIF-þing var haldið í byrjun febrúar í Budapest í Ungverjalandi, með fulltrúum frá 18 aðildarlöndum.

Fulltrúar LH á þinginu voru Linda Björk Gunnlaugsdóttir formaður, Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri, Hinrik Þór Sigurðsson afreksstjóri og Ólafur Gunnarsson gjaldkeri. Auk þeirra sóttu þingið fulltrúar Íslands í nefndum, þau eru Friðrik Már Sigurðsson og Olil Amble í kynbótanefnd, Þorvaldur Kristjánsson í kynbótadómaranefnd, Herdís Reynisdóttir í menntanefnd, Hulda Gústafsdóttir og Sigurbjörn Bárðarson í sportnefnd, Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir í æskulýðsnefnd og Þórhildur Katrín Stefánsdóttir í útreiðanefnd.

Þingið var gott og gestrisnir Ungverjar tóku virkilega vel á móti fulltrúum þjóðanna með góðu skipulagi á ráðstefnunni. Buðu þeir upp á kynningu á menningu sinni og þjóð í

hestaleikhúsi með íburðarmiklum sýningaratriðum og svo kvöldverð í siglingu á Dóná sem skilur borgarhluta Búdapest að. Ungverska sambandið á heiður skilinn fyrir móttökurnar.

Á þinginu fóru fram nefndarstörf og haldnir voru fræðsluerindi, m.a. um tæknifrjóvganir, Olil Amble og Dr. Susanne Braun fluttu erindi um mikilvægi gangskiptinga og Þorvaldur Kristjánsson fór yfir sögu WorldFengs í tilefni 25 ára afmælis gagnagrunnsins, sem á sér ekki hliðstæðu í hestaheiminum og er ótrúlega verðmætt gagn í allri starfssemi Íslandshestamennskunnar í heiminum.

Næsta FEIF-þing verður haldið í Antwerpen í Belgíu í lok janúar 2027.

Samstarf Norðurlandanna

Formenn Íslandshestasambanda Norðurlandanna eru í samstarfi sem kallast NIHC (Nordic Icelandic Horse Collaboration), og gegnir Ísland formennsku í ráðinu. Formennskunni fylgir ábyrgð á að leiða samstarfið og jafnframt tækifæri til að hafa áhrif á þróun hestamennskunnar á Norðurlöndum.

Norrænu formennirnir hittast reglulega á fjarfundum og staðfundum og hefur það samstarf og samtal verið með ágætum. Í október var góður fundur formanna Norðurlanda haldinn í Reykjavík, þar sem þjóðirnar stilltu saman strengi í undirbúningi fyrir FEIF-þingið 2027 og ræddu Norðurlandamótið sem haldið var í Svíþjóð í sumar. Ákveðið var að skipa starfshóp sem rýnir reglur Norðurlandamóts og verður mótshöldurum Norðurlandamóts til stuðnings.

Afreksmál

Hæfileikamótun 14 – 17 ára

Hæfileikamótun LH sem er hugsuð fyrir efnilega keppnisknapa á aldrinum 14-17 ára (unglingaflokkur). Yfirþjálfari hæfileikamótunar á liðnu starfsári var Sigvaldi Lárus Guðmundsson en fyrr í haust var Vigdís Matthíasdóttir ráðin yfirþjálfari Hæfileikamótunar LH og tók við þeim kyndli af Sigvalda sem hefur stýrt verkefninu undanfarin ár.

Með tilkomu hæfileikamótunar LH komast iðkendur inn í afreksmiðað umhverfi, kynnast því að vera í landsliðsumhverfinu og fá tækifæri til þess að bæta tækni sína og færni við þjálfun og uppbyggingu hestsins.

Ásókn í starfið hefur farið hratt vaxandi og nú er kennt í tveimur hópum og komast færri að en vilja. Vetrastarf hæfileikamótunar hefst á ferð á Hóla þar sem hópurinn fær innsýn inn í námið þar, sýnikennslu og reiðkennslu hjá kennurum skólans. Hólahelgin er ótrúlega verðmæt helgi fyrir þessa ungu knapa sem fá kennslu á skólahestum skólans bæði í æfingum og upp í skeiðkennslu. Eftir áramót eru tvær kennsluhelgar fyrir hvorn hóp með gistingu á Hótel Eldhestum, ásamt tveimur fræðsludögum með fyrirlestrum og heimsóknum til afreksknapa. Á haustdögum voru 48 knapar teknir inn í Hæfileikamótun og umsóknir voru rétt tæplega 80.

Landsliðshópar LH 2025-2026

Landsliðshópar LH eru að störfum yfir allt starfsárið í fjáröflun, fræðslu og nú árið 2026 var þátttaka á Norðurlandamóti í Svíþjóð á dagskránni. Landsliðshópar eru kynntir að hausti og tekur val í þá mið af áragnri knapa yfir liðið keppnistímabil ásamt því sem í boði er fyrir það næsta.

U21-landsliðshópinn 2025-2026 skipuðu 19 knapar alls, og eru orðnir 20 fyrir komandi starfsár.

A-landsliðið 2025-2026 skipuðu 20 knapar alls, og eru nú 25 fyrir komandi starfsár. Þar af 5 ríkjandi heimsmeistarar og 8 fyrrverandi heimsmeistarar.

Á starfsárinu var haldinn talsverður fjöldi fyrirlestra um heilsufræði hrossa, hugarfarsþjálfun og fræðsla frá Lyfjaeftirlitinu.

Auk þess stóð afreks- og landsliðsnefnd að viðburðinum Allra sterkustu sem haldinn var á Sörlastöðum í Hafnarfirði um páskana. Viðburðurinn ókst vel, var vel sóttur og er gríðarlega mikilvægur liður í kynningarmálum landsliðsins og fjáröflun. Samhliða Allra sterkustu fór stóðhestaveltan fram og seldust allir tollarnir sem gefnir voru til hennar á viðburðinum.

Norðurlandamót
Norðulandamótið 2026 fór fram á Margaretehof í Svíþjóð dagana 4-9 ágúst og íslenska landsliðið samanstóð af 7 knöpum í fullorðinsflokki, 12 í ungmennaflokki og 2 í unglingaflokki.
Átta hestar voru fluttir frá Íslandi til þátttöku á mótinu, sem er mikil aukning frá fyrri árum og var mikill styrkur í því. Mótið fór að mörgu leyti vel fram, aðstaða á mótssvæðinu góð en þó vantaði upp á gæði aðstöðu fyrir keppnishrossin. Nýtt teymi landsliðanna fékk dýrmæta reynslu við að leiða liðin á alþjóðlegu stórmóti með öllu sem því tilheyrir áður en farið er í vegferðina að HM 2027. Samtals kom landsliðið heim með 4 gull, 8 silfur og 9 brons sem er staðfesting á hæfileikum og eldmóði knapanna.
Veikindi hrossa í danska landsliðinu setti strik í reikninginn á lokadögum mótsins og því þrufti að beita sóttvarnaraðgerðum og einangrun, en einn hestur úr danska liðinu drapst í kjölfar þessara veikinda.

Youth Cup 2026

FEIF Youth Cup (FYCup) fór fram í 15. skipti dagana 13.–19. júlí í Gut Matheshof í Rieden í Þýskalandi, en þar mun Heimsmeistarmót Íslenska hestsins fara fram 2027. FYCup er haldið annað hvert ár, fyrir knapa á aldrinum 14-17 ára sem vilja öðlast keppnisreynslu á erlendri grundu. Áhersla er á teymisvinnu, íþróttamennsku, bætta reiðfærni og vináttu þvert á menningu. Dagarnir samanstanda af stífri þjálfun, alþjóðlegri liðakeppni og menningarsamskiptum í kringum íslenska hestinn, þar sem markmiðið er að efla samvinnu og alþjóðlega vináttu.
Alls tóku 69 þátttakendur frá 10 aðildarlöndum FEIF þátt, þar af sjö knapar frá Íslandi. Íslensku knaparnir sem tóku þátt eru Anita Liv Snævarsdóttir, Aníta Líf Magnúsdóttir, Jóhanna Dýrleif Guðjónsdóttir, Rebecca Luise Lehmann, Sigríður Fjóla Aradóttir, Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir og Unnur Rós Ármannsdóttir. Með hópnum fór Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir formaður æskulýðsnefndar LH.

Reiðkennari ársins 2025

Nefndin sá um að tilnefna Heklu Katharínu Kristínsdóttir fráfarandi þjálfara U21 landsliðs Íslands í hestaíþróttum sem reiðkennara ársins á Íslandi 2025. Hún var þar með tilnefning Íslands fyrir í kosningu FEIF um “Trainer of the year 2025”.
Hekla Katharina hefur á sínum árum með U21 landsliðinu markað djúp spor í starf landsliðsins með fagmennsku og frábæru utanumhaldi. Árangur ungra knapa á stórmótum

fyrir Íslands hönd undir stjórn Heklu hefur verið frábær, og er þar skemmst að minnast þess að íslensk ungmenni úr liði henna unnu 7 af 9 mögulegum gullverðlaunum á Heimsmeistaramótinu í Sviss á árinu, og lögðu sannarlega sitt að mörkum við að endurheimta liðabikarinn sem kominn er í hendur Íslands á nýjan leik.

Reiðvega- og skipulagsmál

Hestamennska er ekki bara stunduð af keppnisknöpum. Langflestir félagsmenn í hestamannafélögunum eru það vegna ástríðu sinnar fyrir íslenska hestinum og almennum útreiðum, enda er hestamennska lífstíll og samofin menningu okkar.

Eitt það mikilvægasta fyrir okkur hestamenn er að standa vörð um reiðvegina okkar en þeir eru líkt og golfvellir golfarans. Þetta eru okkar íþróttamannvirki og ber að umgangast þá sem slíka.

Samningur sem gerður var við Vegagerðina um lagningu reiðvega þar sem stofn- eða tengivegir eru lagðir bundu slitlagi er þegar farinn að sanna gildi sitt og er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur hestamenn að hafa til að standa vörð um reiðleiðir.

Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé árið 2026 námu tæpum 607 milljónum króna, sem er hæsta umsóknarfjárhæð til þessa. Framlag ríkisins samkvæmt samgönguáætlun er 100 milljónir króna. Til viðbótar liggja fyrir vilyrði sveitarfélaga um mótframlög að fjárhæð um 80,6 milljónir króna. Samanlagt fjármagn til ráðstöfunar vegna verkefna ársins er því um 180,6 milljónir króna. Þessar tölur sýna glögglega hversu mikið bil er orðið milli þess fjármagns sem til ráðstöfunar er og þeirrar framkvæmda- og viðhaldsþarfar sem hestamannafélögin standa frammi fyrir. Við úthlutun fjár er sem fyrr lögð áhersla á mikilvægi leiða, öryggi vegfarenda, samfellu reiðvegakerfisins, framkvæmdaþörf og mótframlög sveitarfélaga eftir því sem við á.

Skógarhólar

Aðsókn að Skógarhólum var með ágætum í sumar.

Rekstur Skógarhóla er í eignarhaldsfélagi í eigu LH, Skógarhólar ehf., og er bókhald félagsins aðskilið frá bókhaldi LH, rétt eins og bókhald LM ehf.

Við hvetjum hestamannafélögin að koma á Skógarhóla með hópa úr félags- og æskulýðstarfi á staðinn og nýta okkar góðu aðstöðu LH-félaga á Skógarhólum.

Mótahald og keppnismál

Úthlutun dómara á mót í gæðinga- og íþróttakeppni fer fram hjá dómaranefnd LH, þar sem fulltrúar HÍDÍ, GDLH og starfsmaður mótamála á skrifstofu vinna saman að úthlutun á mótin. Á árinu voru úrtökumót fyrir Landsmót fyrirferðarmikil eðli málsins samkvæmt og mótahaldið almennt dreifðist þétt á fáar vikur fyrir Landsmót. Það er áskorun að manna dómsæti á öllum þeim mótum sem haldin eru á sama tíma.

Íþróttamótin voru einnig býsna mörg og greinilegt að WR mótum er að fjölga hér á landi og stærri félögin leggja uppúr því að hafa íþróttamót sín sem WR mót.
Mótaskrá ársins 2027 er í vinnslu og mun venju samkvæmt að stærstu leyti liggja fyrir í desember 2026.

Fjöldi móta yfir tímabilið er gríðarlegur og oft vandi að raða þeim upp þannig að sem fæstir árekstrar verði og það er einmitt það sem haft er í huga við uppsetningu mótaskrár ársins, að fækka augljósum árekstrum og dreifa mótahaldinu sem best yfir það tímabil sem mótin eru í gangi til þess að geta á sem bestan hátt tryggt mönnun dómara og starfsfólks og fleira.

Frá LH eru einlæg tilmæli og óskir til mótshaldara allra móta sem skráð eru á Sportfeng að vanda til við skráningar mótsins, greinanna sem og skilum á mótsskýrslum. Kanna hvort greinar séu rétt skráðar, lögleg/ólögleg grein, innanhúss eða úti og réttur fjöldi dómara sé skráður á hverja grein.

Landsmót hestamanna ehf.

Landsmót hestamanna ehf. er í eigu Landssambands hestamannafélaga (82%) og Félags hrossabænda (18%).

Stjórn LM ehf. er skipuð þremur mönnum: Lindu Björk Gunnlaugsdóttur sem er formaður og Ólafi Gunnarssyni f.h. LH, Ólafur Þórisson f.h. FHB, varamenn eru Unnur Rún Sigurpálsdóttir og Eysteinn Leifsson.

Íslandsmót

Íslandsmót ungmenna og fullorðinna var haldið af Hestamannafélaginu Sörla dagana 17. til 20. júní. Að þessu sinni var ákvörðun tekin um að Íslandsmótið skyldi haldið snemma, og fært fram fyrir Landsmót sökum þess að ekki var rými í dagatali til þess að halda bæði Íslandsmótin eftir að Landsmóti lauk. Þessi ákvörðun var tekin af LH ásamt mótshöldurum sjálfum og með það að leiðarljósi að Íslandsmótið fengi það pláss, rými og athygli sem því ber. Ljóst var að ákvörðunin var að mörgu leyti umdeild og gerði að verkum að þéttleiki móta í aðdraganda Landsmóts var gríðarlega mikill auk kynbótasýninga sem eru í gangi á þeim tíma einnig.

Mótið sjálft var framkvæmt af myndarbrag á glæsilegu mótssvæði í Hafnarfirði og á Hestamannafélagið Sörli heiður skilinn fyrir það. Íslandsmót sem slíkt er þó enn ekki með fastan sess í dagatali á Landsmótsárum og áfram þarf að ræða og vinna því sinn farveg.

Hestmannafélagið Sleipnir hélt glæsilegt Íslandsmót barna og unglinga helgina 23. til 27. júlí. Íslandsmót yngri flokka er orðið stórt í sniðum, með íþróttagreinum og gæðingakeppni og þátttaka mikil. Landssambandið þakkar Hestamannafélaginu Sleipni fyrir góða framkvæmd mótsins.

Landsmót 2026

Landsmót Hestamanna 2026 var haldið á Hólum í Hjaltadal dagana 5-11 júlí. Mótið var stórt hvað þátttöku og hestakost varðar, en í takt við aukningu fjölda félagsfólks í hestamannafélögum landsins fjölgar einnig þátttakendum í alla flokka gæðingakeppninnar á mótinu. Að þessu sinni buðu Skagfirðingar upp á tvær sýningagreinar auk hefðbundinna greina gæðingakeppni, tölts og skeiðkappreiða og kynbótasýninga en það voru A-flokkur ungmenna og B-flokkur áhugamanna.

Mótið fór vel fram og var aðsókn gesta með ágætum.

Nánar verður fjallað um Landsmótið í kynningu framkvæmdstjóra Landsmóts seinna á fundinum.

Sportfengur

Sportfengur

Alls voru haldin 207 mót á Íslandi þar sem Sportfengur var notaður, með 15.616 skráningum alls. Að baki þessum skráningum er um 10-12% félagsmanna innan raða LH.

Allar mótaniðurstöður birtast í HorseDay appinu en samstarf LH og HorseDay hefur verið farsælt og appið er í sífelldri þróun. LH og Horseday hafa gert með sér samning um að vinna saman að þróun á nýju og endurbættu mótakerfi fyrir mótahald í hestaíþróttum á Íslandi, **HorseDay mót**, sem koma skal í stað SportFengs með það fyrir augum að auka skilvirkni í mótahaldi og bæta þjónustu við notendur.

Sportfengur hefur reynst mótshöldurum vel en kominn er tími á mikla þróunarvinnu og uppfærslu á kerfinu sem hefði mikinn kostnað í för með sér.

Á vordögum var undirritaður samstarfssamningur við Horseday um nýtt mótaforrit sem taki við af SportFeng frá og með janúar 2027.

HorseDay mun bera faglega og fjárhagslega ábyrgð á þróun verkefnisins, jafnframt mun HorseDay sjá um að kosta rekstur og ábyrgjast góða virkni. LH mun leggja þróun kerfisins lið með því að taka þátt í hugmyndavinnu og ráðgjöf varðandi reglur og þarfir mótahaldsins og leggja til fulltrúa til að vinna með þróunarteymi HorseDay. LH hefur eignarrétt á öllum gögnum er varða mótahald á Íslandi.

Útbreiðslu- og kynningarmál

Stjórn hefur unnið að því að efla skrifstofu sambandsins og skýra þjónustuhlutverk hennar gagnvart aðildarfélögum, iðkendum og öðrum hagaðilum. Ný heimasíða er mikilvægur hluti þeirrar þróunar og á að bæta upplýsingagjöf, aðgengi að þjónustu og miðlun frétta og fræðsluefnis.
Samskipti við íþróttafréttamenn hafa einnig verið til skoðunar með það að markmiði að auka sýnileika hestamennskunnar og bæta miðlun upplýsinga um íþróttina.

Útbreiðsla hestamennskunnar og öryggismál eru áfram mikilvæg viðfangsefni. Nauðsynlegt er að bæta aðgengi að íþróttinni, efla fræðslu og stuðla að öruggu umhverfi fyrir hesta og fólk.

Horses of Iceland

Verkefninu Horses of Iceland var hætt á starfsárinu eftir að opinberir styrkir til þess féllu niður. Verkefnið hefur gegnt mikilvægu hlutverki við kynningu íslenska hestsins og íslenskrar hestamennsku á alþjóðavettvangi. Stjórn telur mikilvægt að unnið verði að því að koma verkefninu aftur af stað og finna því traustan rekstrar- og fjármögnunargrundvöll.

Styrkir sem standa hestamannafélögum til boða

Á heimasíðu LH er að finna upplýsingar um hvaða styrkir standa til boða hverju hestamannafélagi fyrir sig. Þegar rýnt er í úthlutun styrkja þá kemur í ljós að

hestamannafélögum hefur tekist afar illa að sækja styrki í samanburði við önnur íþróttafélög.

Þetta er gott verkfæri fyrir félögin til að nýta fyrir einstök verkefni og framkvæmdir.

Stefnt er á að skjalið verði lifandi skjal sem verði uppfært árlega.

Sjá nánar um styrki á vefíðu LH: https://www.lh.is/styrkir

Öryggismál

Lögð hefur verið mikil áhersla á öryggismál í tíð núverandi stjórnar enda eru öryggismál mjög mikilvæg.
Á landsþingi 2024 var samþykkt hlutverk öryggisfulltrúa á mótum og hefur það verkefni verið leyst frábærlega af mótshöldurum og eiga aðildarfélög og hestamenn allir stórt hrós skilið fyrir að taka þessu hlutverki af festu og ábyrgð. Því miður hefur allnokkrum sinnum reynt á þetta hlutverk þar sem upp komu slys á mótum.
Öryggisnefnd með formann í fararbroddi fór á árinu fundarferð um landið til að hitta viðbragðsaðila og lögregluembætti og ræða fyrstu viðbrögð við hestaslysum. Nefndinni var hvarvetna vel tekið og gott og ganlegt samtal á sér stað. Stefnt er að því að koma inn skilgreiningu á hestaslysum í slysaskráningarkerfi Neyðarlínunnar og sjúkrahúsa.

Starfshópur um hestaíþróttir fatlaðra

Nefnd um Reiðskóla fyrir fatlaða og hefur unnið að verkefni sem hefur hlotið nafnið „Hestar fyrir alla“. Nefndin er skipuð fulltrúum allra hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins er að stuðla að auknu aðgengi fatlaðra og þeirra sem á stuðningi þurfa að halda, að hestamennsku með því að koma á laggirnar samstarfi milli hestamannafélaganna með fjárhaglegum stuðningi sveitarfélaga og einkaaðila.

Agamál

Nokkur mál komu inn á borð Aganefndar LH á árinu og felldi úrskurði um keppnisbann og gaf áminningar.

FEIF samþykkti nýjar reglur um spjaldanotkun á ársþingi sambandsins í febrúar. Er það von manna að með nýju spjaldakerfi reynist auðveldara að skilja og beita spjöldum sem agaviðurlögum í keppni.

Menntaráðstefna LH og FEIF

Menntaráðstefna FEIF og LH var haldin í Skagafirði dagana 23. til 25. september. Ráðstefnan var mjög vel sótt, en þátttakendur voru um 120 og komu víða að úr heiminum.

Meginþema ráðstefnunnar var „transitions“ eða skiptingar af öllu tagi - gangskiptingar, gangsetning, hraðabreytingar, upphaf skeiðþjálfunar og niðurtaka á skeið í keppni ásamt umfjöllun um velferð keppnishesta.

Aðalkennarar og fyrirlesarar ráðstefnunnar voru Eyjólfur Ísólfsson, Árni Björn Pálsson, Mette Mannseth, Þórarinn Eymundsson, Ísólfur Líndal Þórisson, Þorsteinn Björnsson og Sigríður Björnsdóttir. Þar að auki tóku nemendur Háskóla Íslands á Hólum þátt í ráðstefnunni ásamt skólahestunum og reiðkennurum skólans.

Þátttakendur höfðu tækifæri til að senda spurningar til kennara og fyrirlesara en þátttakendur nýttu það tækifæri vel. Þar að auki var þátttakendum skipt upp í umræðuhópa og daglega hittust hóparnir til að ræða fyrirfram ákveðin umræðuefni sem endurspegluðu viðfangsefni ráðstefnunnar.

Ráðstefnunni lauk á líflegum pallborðsumræðum þar sem kennarar og fyrirlesarar sátu fyrir svörum. Mikil ánægja var á meðal þátttakenda með menntaráðstefnuna, erindin voru fjölbreytt og mjög áhugaverð.

Það var menntanefnd LH sem átti veg og vanda að allri skipulagningu viðburðarins og eru þeim færðar miklar þakkir fyrir. Menntanefnd LH skipa Mette Mannseth formaður, Friðdóra Friðriksdóttir, Herdís Reynisdóttir, Karen Woodrow, Magnús Lárusson, Reynir Atli Jónsson og Sylvía Sigurbjörnsdóttir.

Hagspor hestamennskunnar

Landssamband hestamannafélaga, Bændasamtök Íslands, Deild hrossabænda innan BÍ, Háskóli Íslands á Hólum og Samtök ferðaþjónustunnar gerðu með sér samkomulag um greiningu á hagspori hestamennskunnar á Íslandi.

Markmiðið er að draga fram með skýrum hætti efnahagslegt og samfélagslegt mikilvægi íslenska hestsins og þeirri fjölbreyttu starfsemi sem honum tengist, svo sem hrossarækt, ferðaþjónustu, viðburða- og keppnishald, útreiðar, menntun, útflutning og afleidda þjónustu.

Næstu skref eru að skilgreina umfang greiningarinnar, undirbúa mælaborð og móta sameiginlega áætlun um kynningarstarf íslenska hestsins í samstarfi við hagaðila og opinbera aðila.

Greining á hagrænu umfangi hestamennskunnar og hestaiðnaðinum í heild sinni er mikið gæfuspor fyrir alla sem tengjast greininni og mun nýtast vel til að tryggja greininni þann sess sem hún á skilið, til framtíðar.

Stefna LH 2026-2030

Á vormánuðum 2025 ákvað stjórn LH að hefja stefnumótunarvinnu. Boðað var til fundar 28. apríl 2025 og voru fulltrúar hestamannafélaga hvattir til að mæta á fundinn og taka þátt í að skapa sameiginlega framtíðarsýn fyrir samband allra hestamanna. Var ákaflega gleðilegt að sjá hversu margir tóku frá tíma til að vera með okkur í þessari vinnu en um 80 manns tóku þátt í fundinum.
Á formannafundi LH 2025 var unnið áfram með samantekt fundarins frá í apríl undir stjórn Petru Mogensen. Þar urðu mjög líflegar umræður og margir snertifletir ræddir á hinum ýmsu málum.
Að loknum formannafundi tók stjórn LH við niðurstöðum úr hópavinnunni og lagði lokahönd á verkið.
Afraksturinn er stefna sem skilgreinir hlutverk LH, framtíðarsýn, stefnuáherslur og gildi, til næstu fimm ára ásamt aðgerðaráætlun.

Hlutverk LH *er að skapa öflugan samstarfsvettvang hestamannafélaga, stuðla að miðlun þekkingar og menningar, veita þjónustu og ráðgjöf, efla íþrótta- og afreksstarf og standa vörð um sameiginlega hagsmuni í þágu hestamennskunnar.*

Árið 2030 *verður LH leiðandi afl í málefnum íslenska hestsins bæði á innlendum og erlendum vettvangi með velferð, öryggi og jöfn tækifæri fyrir alla í öndvegi. LH er í forystu innan ÍSÍ með eftirtektarvert afreksstarf og fær fjármagn í samræmi við umfang sitt.*

Gildi LH eru: *virðing, ábyrgð, metnaður og velferð*
Einkunnarorð LH eru: *íþrótt, menning, lífsstíll*

Framtíðarsýn Landsmóta

Í framhaldi af stefnumótunarvinnu LH fyrir árin 2026–2030, sem unnin var á síðasta ári, hefur stjórn LH ákveðið að hefja rýnivinnu um framtíð Landsmóta. Landsmót hefur verið haldið frá árinu 1950 og byggir á sterkum hefðum. Landsmót er fjöregg okkra hestamanna og mikilvægt að rýna og þróa viðburðinn. Nokkur ár eru liðin frá því sambærileg vinna fór fram. Hagsmunaaðilar eru margir og skoðanir ólíkar á því hvert skuli stefna.

Markmið verkefnisins er að móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir Landsmót; hvert það eigi að stefna, hvað vel sé gert og hvað megi bæta. Meginspurningin er: Hvað er Landsmót og fyrir hverja er það?

Skipaður hefur verið sjö manna stýrihópur skipaður fulltrúum hinna ýmsu hópa sem koma að Landsmóti á einn eða annan hátt, svo sem mótshöldurum, knöpum, gestum osfrv.

Utanaðkomandi verkefnastjóri hefur verið fenginn til að stýra vinnunni, Ragnheiður H. Magnúsdóttir, ráðgjafi.

Fyrsta rýnivinnan verður með fulltrúum hestamannafélaga á Landsþingi. Stefnt er að því að framtíðarsýn Landsmóta liggi fyrir áður en næstu óúthlutuðu Landsmótum verður úthlutað.

Lokaorð

Stjórn Landssambands hestamannafélaga þakkar aðildarfélögum, starfsfólki, sjálfboðaliðum og samstarfsaðilum fyrir gott samstarf á starfsárinu.

Við sem höfum starfað saman í stjórn og nefndum á tímabilinu 2024–2026 getum litið stolt yfir farinn veg, enda er árangurinn sýnilegur í fjölmörgum verkefnum. Þrátt fyrir þann árangur bíða okkar áfram mikilvæg verkefni við að treysta rekstur sambandsins, efla þjónustu, öryggi, útbreiðslu og samstarf. Með skýrri forgangsröðun og sameiginlegri framtíðarsýn er unnt að styrkja hestamennskuna til framtíðar.

Við hlökkum til að halda áfram þessari vegferð með ykkur, af krafti, samstöðu og trú á framtíð íslenskrar hestamennsku. Saman getum við byggt enn sterkara starf til heilla fyrir hestinn, fólkið og félögin um land allt.